

P I N G G E R Ð

12. ÁRSPINGS KÖRFUKNATTLÉIKSSAMBANDS ÍSLANDS

HALDIÐ AÐ HÓTEL ESJU, 19. APRÍL 1973.

P I N G G E R Ð

ÅRSPINGS KÖRFUKNATTLIEIKSSAMBANDS ÍSLANDS, HALDIÐ AD
HÓTEL ESJU, 19. APRÍL 1973.

Formaður K.K.Í., Hólmsteinn Sigurðsson setti þingið og
bauð fulltrúa velkomna. Síðan bað hann Guðmund Hallgrímsson
að taka við fundarstjórn.

Fyrst var kosið í nefndir. Eftirtaldir hlutu kosningu:

Kjörbréfaneftnd:

Bjarni Gunnar Sveinsson
Hörður Tulinius

Fjárhagsneftnd:

Hólmsteinn Sigurðsson
Kristján Norðdal
Hjörtur Hansson

Laga- og leikreglnanefnd:

Steinn Sveinsson
Hörður Tulinius
Bjarni Gunnar Sveinsson

Kjörneftnd:

Hjörtur Hansson
Þórir Magnússon
Gylfi Kristjánsson

Hólmsteinn Sigurðsson flutti skýrslu fráfarandi stjórnar, skýrslan lá prentuð fyrir fundarmönnum, og vísast til hennar.

Fundarstjóri þakkaði formanni skýrsluna.

Hólmsteinn las síðan reikninga K.K.I. og skýrði þá.

Þá hafði kjörbréfanefnd lokið störfum og gerði Bjarni Gunnar Sveinsson grein fyrir störfum nefndarinnar. Kjörbréf bárust aðeins frá þremur Héraðssamböndum og voru þau öll samþykkt. Alls höfðu 17 fulltrúar atkvæðisrétt.

Frá K.K.R.R.:

Hjörtur Hansson
Héðinn Valdimarsson
Pórir Magnússon
Bjarni Gunnar Sveinsson
Sigurður Már Helgason
Einar Bollason
Sigurður Jónsson
Gylfi Kristjánsson
Hólmsteinn Sigurðsson
Steinn Sveinsson
Helgi Helgason
Jóhannes Magnússon

Frá Ungmennasambandi Kjalarnesþings:

Kristján Norðdal
Pétur Eysteinsson
Helgi Skúlason

Frá Íbróttabandalagi Akureyrar:

Alfreð Tulinius
Hörður Tulinius

UMRÆÐUR UM REIKNINGA:

Nokkrar umræður urðu um reikninga K.K.I. Aðallega var rætt um reikninga Minni-boltans og um persónuskuldirnar sem hinir ýmsu einstaklingar skulda K.K.I.

Þeir sem tóku til máls voru: Sigurður Helgason, Hólmsteinn Sigurðsson, Sigurður Jónsson. Að loknum þessum umræðum voru reikningarnir samþykktir í einu hljóði.

LÖGD FRAM FJÁRHAGSAETLUN 1973:

Tekjur:	Útbreiðslustyrkur	180.000
	Skatthluti	4.000
	Tekjur af Ísl. móti	50.000
	Tekjur v. USA ferð	420.000
	Aðrar tekjur	126.000
		780.000
Gjöld:	Kennsla og þjálfun	50.000
	Námskeið	25.000
	Bandaríkjaferð	420.000
	Stjórnarkostnaður	60.000
	Ymis kostnaður	25.000
	Landsleikir	200.000
		780.000

UMRÆÐUR:

Fundarstjóri Guðmundur Hallgrímsson tók fyrstur til máls og vildi fá sundurliðun frá stjórninni á "öðrum tekjum". Einnig benti hann á, að það vantaði peninga í útbreiðslustarfsemi. Þá vildi hann að athugað yrði með hvort ekki væri möguleiki á tekjum af USA ferð.

Hólmsteinn Sigurðsson benti á, að tekjuliðurinn aðrar tekjur þyrfти síst að vera of hátt áætlaður. Benti hann m.a. á að hugsanlegar væru tekjur af auglýsingum á búningum í U.S.A. ferðinni. Þá kom fram í svari Hólmsteins, að fyrirhugaðir

eru tveir landsleikir við Norðmenn í haust, og ekki er fráleitt að hafa af þeim leikjum tekjur ef rétt verður að málum staðið.

Fleiri tóku ekki til máls, og var fjárhagsáætluninni síðan vísað til nefndar.

LAGA- OG LEIKREGLNABREYTINGAR.

Fram komu breytingatillögur á Agareglum frá Jóni Eysteinssyni, (sjá fylgiskjal no. 1). Var þeim vísað til laga- og leikreglnanefndar. Þá lagði stjórnin fram allýtarlegar breytingar á mótareglum, og var þeim einnig vísað til Laga- og leikreglnanefndar.

H L E.

NEFNDARÁLIT.

Bjarni Gunnar Sveinsson gerði grein fyrir störfum Laga- og leikreglnanefndar. Var greinilegt, að nefndin hafði lagt mikla vinnu í afgreiðslu breytingartillagnanna sem varða Mótareglur. Voru þær breytingar samþykktar eftir nokkrar umræður. Vegna þess, hve miklar breytingar hafa nú verið gerðar á Mótareglunum, og einnig af þeirri ástæðu, að eftir er að vinna allar reglurnar upp á nýtt og samræma, þá fylgja þær ekki með þessari þinggerð, en stjórn K.K.Í. mun leggja á það áherzlu að gefa þær út hið fyrsta. Breytingatillögur frá Jóni Eysteinssyni voru samþykktar óbreyttar.

FJÁRHAGSAÆTLUN.

Fjárhagsnefnd lagði til að fjárhagsáætlunin yrði samþykkt óbreytt. Var gengið til atkvæða um það og fjárhagsáætlunin samþykkt einróma.

ÖNNUR MÁL.

Fram kom tillaga frá Pétri Eysteinssyni (sjá fylgiskjal no. 2) þar sem lagt er til að Ársþingið samþykki vítur á Sjónvarpið fyrir lítið efni um körfubolta af hálfu þess í vetur. - Önnur tillaga kom fram um þetta efni frá Bjarna Gunnari Sveinssyni (sjá fylgiskjal no. 3). Var tillaga Péturs felld við atkvæðagreiðslu, en tillaga Bjarna Gunnars samþykkt.

Fram kom önnur tillaga frá Bjarna Gunnari (sjá fylgiskjal no. 4). Að umræðum um hana loknum var tillögunni vísað til stjórnar K.K.Í. til ákvörðunar.

Fram kom tillaga frá Gylfa Kristjánssyni (sjá fylgiskjal no. 5). Var sú tillaga samþykkt.

Fram kom tillaga Sigurðar M. Helgasonar (sjá fylgiskjal no. 6) Var þeirri tillögu vísað til stjórnar K.K.Í.

Fram kom önnur tillaga frá Gylfa Kristjánssyni (sjá fylgiskjal no 7). Var sú tillaga samþykkt.

KOSNING.

Í körfuknattleiksdómstól var kosinn til þriggja ára Guðmundur Georgsson, og til vara Birgir Örn Birgis. Fyrir voru í dómstólnum Helgi Ágústsson til eins árs (til vara Gunnar Gunnarsson) og Tómas Zöega, til tveggja ára (til vara Grímur Valdimarsson).

KOSNING STJÓRNAR K.K.Í. FYRIR NÄSTA STARFSÁR.

Stungið var upp á Hólmsteini Sigurðssyni, sem formanni og var hann kjörinn með lófataki.

Aðrir í stjórn voru kosnir:

Einar Bollason
Sigurður M. Helgason
Helgi Ágústsson
Gylfi Kristjánsson

Í varastjórn:

Hörður Tuliníus
Helgi Hólm

Endurskoðendur:

Þráinn Scheving
Þórir Guðmundsson

Guðmundur Hallgrímsson fundarstjóri sleit síðan þinginu.

Gylfi Kristjánsson
fundarritari.

TILLÖGUR TIL BREYTINGA Á AGAREGLUM K.K.Í.

1. gr. 2. mgr.:

Stjórn K.K.Í. tilnefnir menn í aganefndina.

2. gr.:

Verksvið aganefndar er að fjalla um og kveða upp úrskurði um brot leikmanna þjálfara, aðstoðarmanna þjálfara og forystumanna félaga, sem framin eru í keppni (leik) eða á keppnisstað.

3. gr.:

Aganefnd fjallar einungis um þau agabrot, sem kærð eru til nefndarinnar sbr. 6. gr. 1.

6.1.:

d) aðra minni háttar óprúðmannlega framkomu.

Refsing: Fyrir brot samkvæmt a--c lið skal refsa með leikbanni í einum leik, en sé um ítrekuð brot að ræða, skal leikbannið vera minnst tveir leikir. Fyrir brot samkvæmt d-lið skal veita áminningu, en ef um ítrekuð brot er að ræða, skal koma til leikbann í einum leik.

Í 6.gr. breytast númer undирgreina þannig að 3 verður 2 4 verður 3 o.s.frv.

FYLGISKJAL NO. 2

Ársþing K.K.Í.
19. apríl 1973.

12. Ársþing K.K.Í., haldið að Hótel Esju 19.4. 1973,
samþykkir að víta umsjónarmenn íþróttapáttar Sjónvarpsins
fyrir að hafa sýnt jafnfáar myndir af körfubolta síðastliðinn
vetur og raun ber vitni.

Pétur Eysteinsson.

FYLGISKJAL NO. 3

Ársþing K.K.Í.
19. apríl 1973.

Vegna þess hve lítið hefur verið um körfubolta
í Sjónvarpi legg ég til, að stjórn K.K.Í. næði
þessi mál við forráðamenn Sjónvarps svo úr rætist.

Bjarni Gunnar.

Arsþing K.K.Í.
19. apríl 1973.

Stefnt skal að því, að halda Íslandsmót 1. deildar í Laugardalshöll og um leið verði gerð gangskör að því, að fá fleirri áhorfendur m.a. með því að bjóða skólfólki á leikina gegn vægu gjaldi, jafnvel ókeypis.

Bjarni Gunnar.

Ársþing K.K.Í.
19. apríl 1973.

Ársþing Körfuknattleikssambandsins 1973 samþykkir
eftirfarandi tillögu:

Fyrir upphaf hvers keppnistímabils skal hverju félagi skyld að tilnefna einn mann í Mótanefnd. Mótanefnd þessi skal raða niður öllum leikjum á því keppnistímabili, sem í hönd fer, og hafa umsjón með framkvæmd þeirra. Það verður samt sem áður í verkahring stjórnar K.K.Í. að útvega húsnæði til leikja eftir beiðni nefndarinnar.

Gylfi Kristjánsson.

FYLGISKJAL NO. 6

Ársþing K.K.Í.
19. apríl 1973.

Starfstillögun.

Í byrjun keppnistímabils sé haldinn fundur með
formönnum félaga til að ræða um niðurröðun á
leikjum, og umsjón félaga á leikkvöld.

Sigurður M. Helgason.

FYLGISKJAL NO. 7

Ársþing K.K.Í.
19. apríl 1973.

Ársþing K.K.Í. haldið að Hótel Esju 19.4 1973
samþykkir eftirfarandi tillögu:

Sjórni K.K.Í. skal skipa nefnd utan stjórnar, til
að gera drög að heildar útbreiðslustefnu fyrir allt
landið næstu 2 árin.

Nefndin skal skila skýrslu til K.K.Í. innan tveggja
mánaða. frá þessari samþykkt.

Gylfi Kristjansson.

